

## **5. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Fimmti fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn þriðjudaginn 1. nóvember 2011 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason, Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir. Sævar Skaptason boðaði forföll.

### **1. Fundargerð stjórnar frá 4. Fundi 18. Október 2011**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### **2. Eftirfylgni ferða í Rangárþing og á Hveravelli. Tillögur að frumkvæðisverkefnum.**

Farið var yfir uppkast að bréfi til sveitastjórnar Rangárþings ytra sem Sveinn Rúnar hafði skrifað Stjórn lýsti ánægju sinni með innihald bréfsins og var það samþykkt.

Stjórn óskar að Sveinn skrifi einnig Sveitarstjórnnum Rangárþing eystri og Húnavatnshrepps bréf þar sem sveitarfélögin eru hvött til að senda inn umsóknir til verkefna er tengjast forgangslista sjóðsins. Sveinn mun gera uppkast að bréfum og senda á stjórnina.

### **3. Tímatafla vegna funda og styrkveitinga lögð fram.**

Tímatafla var samþykkt á síðasta fundi en þó þarf að finna nýja dagsetningu fyrir fund vegna Geysis. Sveinn mun senda tímatöfluna á stjórnina.

### **4. Önnur mál,**

Stjórn sjóðsins hefur áhuga á að fá nánari upplýsingar um rekstrarfyrirkomulag á skálum í Ölpunum. Sævar beðinn um að taka saman upplýsingar um það. Ræddur var sá möguleiki að setja öll gögn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í s.k. Drop-Box þar sem allir geta nálgast upplýsingar á einum stað. Sveinn ætlar að skoða þann möguleika en óttast að gögnin verði mjög þung þar sem mikið er um myndir og upprætti.

Rætt var um fund vegna Geysissvæðisins. Albína ætlar að útvega gögn og ræða við skipulagsstjóra Bláskógabyggðar. Guðjón ætlar að senda tölvupóst á Sveitarfélögin til að minna á umsóknarfrestvegna styrkveitinga.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 30. nóv. kl. 08:30. - Fundi slitið 09:30.

### **Aukafundur kl. 9:30-10:00 – Kynning á verkefnum Reykjanesfólkvangs.**

Sverris Bollasonar formaður stjórnar Reykjanesfólkvangs mætti á fund stjórnar Framkvæmdasjóðsins og kynnti verkefni Reykjanesfólkvangs. Verið er að m.a. að vinna að stjórnunaráætlun fyrir fólkvanginn. Ekki er búið að skilgreina verkefnin nægjanlega vel til að hægt sé að sækja um styrki úr Framkvæmdasjóðnum að þessu sinni en gert er ráð fyrir umsóknum í næstu lotu umsókna.

Reykjavík 1.nóv. 2011/Katrín.